

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald í Sveitarfélaginu Árborg.

#### 1. gr.

Af hundum í Sveitarfélaginu Árborg skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 440/2013, sbr. 3. gr. hennar.

#### 2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

A) Skráning	kr. 12.140
B) Skráning eftir útrunninn frest, sbr. 1. mgr. 3. gr. samþykktar um hundahald	kr. 20.967
C) Bráðabirgðaskráning	kr. 2.820

#### 3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Fyrir hvern hund	kr. 19.742
------------------	------------

Ekki skal innheimta eftirlitsgjald sama ár og hundur er skráður.

#### 4. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu og hundahreinsun er innifalin í gjaldi samkvæmt 2. og 3. gr.

#### 5. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending hunds	kr. 16.674
Önnur afhending hunds, innan tveggja mánaða	kr. 23.543
Þriðja afhending hunds, innan tveggja mánaða	kr. 30.534

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

#### 6. gr.

Gjalddagar skv. 3. gr. eru tveir ár hvert, 1. mars og 1. september og eindagar 31. mars og 30. september. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

#### 7. gr.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

Hafi eigandi skráðs hunds lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af heilbrigðis- eftirliti þar sem námskeiðið er haldið er heimilt að veita 20% afslátt af gjöldum fyrir viðkomandi hund samkvæmt 3. gr. gjaldskrár þessarar.

#### 8. gr.

Verðskrá fyrir dvalar- og geymslukostnað.

Verð pr. sólarhring fyrir hund	kr. 2.700
--------------------------------	-----------

Hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni greiðslu fyrir dvalar- og geymslukostnað.

9. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg nr. 440/2013, til að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hundahald í Sveitarfélaginu Árborg nr. 1277/2019.

*Þannig samþykkt í bæjarstjórn, 16. desember 2020.*

**Gísli Halldór Halldórsson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 21. janúar 2021